

**Reglur félagsmálanefndar Rangárvalla –og Vestur Skaftafellssýslu um könnun og meðferð einstakra barnaverndarmála og um framsal valds.**

**I. Almennt**

**1. gr.**

Félagsmálanefnd Rangárvalla- og Vestur Skaftafellssýslu fer með hlutverk barnaverndarnefndar skv. lögum og reglugerðum og starfar hún í samræmi við 12. gr. barnaverndarlaga nr. 80/2002. Nefndin fer með störf barnaverndarnefndar í byggðarsamlagi Rangárþings ytra, Rangárþings eystra, Ásahrepps, Mýrdalshrepps og Skaftárhrepps.

Reglur þessar eru settar með heimild í 3. mgr. 14 gr. barnaverndarlaga nr. 80/2002 sem er svohljóðandi: „Barnaverndarnefnd er heimilt að fela starfsmönnum sínum könnun og meðferð einstakra mála eða málaflokka samkvæmt reglum sem hún sjálf setur. Barnaverndarnefnd getur enn fremur í slíkum reglum framselt tilgreindum starfsmönnum vald til að taka einstakar ákvarðanir samkvæmt lögum þessum. Reglurnar skulu kynntar Barnaverndarstofu.“

**2. gr.**

Starfsmönnum félagsþjónustu Rangárvalla- og Vestur-Skaftafellssýslu er falið umboð til könnunar, meðferðar og ákvarðanatöku einstaka barnaverndarmála samkvæmt reglum þessum og í samræmi við ákvæði barnaverndarlaga að undanskildum þeim ákvörðunum sem óheimilt framselja til starfsmanna skv. 4. mgr. 14 gr. barnaverndarlaga nr. 80/2002 og 3. mgr. 4 gr. reglugerðar nr. 56/2004 um málsmeðferð fyrir barnaverndarnefnd. Slíkar ákvarðanir eru teknar á fundum félagsmálanefndar.

Félagsmálanefnd getur hvenær sem er gripið inn í aðgerðir starfsmanna og skulu þeir í störfum sínum framfylgja ákvörðunum nefndarinnar og fara að tilmælum hennar.

**II. Um starfsmenn félagsmálanefndar**

**3. gr.**

Með starfsmönnum er átt við fastráðna starfsmenn nefndarinnar og eftir atvikum sjálfstætt starfandi sérfræðinga er taka að sér verkefni fyrir nefndina. Starfsmenn skulu búa yfir þekkingu og hæfni til þess að annast þau verkefni sem þeim eru falin s.s. að veita foreldrum, stofnunum og öðrum er annast uppeldi viðhlítandi ráðgjöf, fræðslu og leiðbeiningar sbr. 14 gr. barnaverndarlaga nr. 80/2002.

Starfsmenn nefndarinnar starfa eftir þeim meginreglum barnaverndarstarfs sem fram koma í 4. gr. barnaverndarlaga nr. 80/2002 og ber í öllu barnaverndarstarfi að beita þeim ráðstöfunum sem ætla má að séu barni fyrir bestu og skulu hagsmunir barna ávallt hafðir í fyrirrúmi.

Starfsmönnum ber við störf sín að gæta fyllstu hlutlægni. Starfsmenn skulu gæta fyllsta trúnaðar um hagi barna, foreldra og annarra sem þeir hafa afskipti af. Starfsmönnum er því óheimilt að skýra óviðkomandi frá því er þeir verða vísari í starfi sínu sem trúnaður ríkir um. Ber þeim að vanda störf sín og gæta faglegra vinnubragða, eftir því sem best þykir á hverjum tíma

Félagsmálastjóra er heimilt að fela utanaðkomandi sérfræðingum vinnslu mála eftir því sem rúmast innan fjárhagsáætlunar hverju sinni.

### **III. Vanhæfisreglur**

#### **4. gr.**

Um vanhæfi starfsmanna til meðferðar einstakra mála gilda ákvæði stjórnsýslulaga nr. 37/1993.

#### **5. gr.**

Starfsmaður sem veit um ástæður er kunna að valda vanhæfi hans, skal án tafar gera félagsmálastjóra grein fyrir þeim. Félagsmálastjóra er heimilt af taka starfsmann af máli séu ástæður til að ætla að starfsmaður sé vanhæfur til vinnslu þess. Félagsmálastjóra ber að kynna málið fyrir félagsmálanefnd.

Sé starfsmaður vanhæfur til meðferðar máls má hann ekki taka þátt í undirbúningi, meðferð eða úrlausn þess. Honum er þó heimilt að gera þær ráðstafanir sem nauðynlegar eru til að halda máli í réttu horfi á meðan annar starfsmaður er fenginn í hans stað. Hið sama gildir um félagsmálastjóra.

Nefndarmaður, sem er vanhæfur til meðferðar máls, skal ekki taka þátt í meðferð eða afgreiðslu máls. Þegar málið er til meðferðar hjá nefndinni skal vanhæfur fundarmaður yfirgefa fundarsal og kallað skal til varamanns sé þess kostur.

### **IV. Málsmeðferð hjá starfsmönnum félagsmálanefndar Rangárvalla- og Vestur Skaftafellsýslu.**

#### **6. gr.**

##### ***Skráning***

Starfsmönnum ber að skrá mál sem koma til meðferðar á kerfisbundin hátt og varðveita öll gögn með tryggilegum hætti sbr. ákvæði 39. gr. barnaverndarlaga nr. 80/2002

#### **7. gr.**

Starfsmönnum ber við störf sín að gæta fyllstu hlutlægni. Ber þeim að vanda störf sín og gæta faglegra vinnubragða. Starfsmenn skulu sjá til þess að mál séu nægjanlega upplýst áður en ákvarðanir eru teknar. Starfsmenn skulu afgreiða mál svo fljótt sem unnt er.

Ákvarðanir um að hefja könnun máls sbr. 21. gr. barnaverndarlaga nr. 80/2002. og 14. gr. reglugerðar um málsmeðferð fyrri barnaverndarnefnd, um gerð áætlana og vegna ákvörðunartöku einstakra barnavernarmála eru teknar á vikulegum meðferðarfundum starfsmanna félagsmálanefndar.

Meðferðarfundir eru sameiginlegir fundir starfsmanna nefndarinnar þar sem fjallað er um einstök barnaverndarmál. Á meðferðarfundum eru teknar ákvarðanir um að hefja könnun máls, niðurstöður kannanna, vinnslu mála og beitingu úrræða, hvort loka eigi máli, gerð og efni meðferðaráætlunar og hvort leggja eigi mál fyrir félagsmálanefnd til kynningar eða með tillögum um þvingunarráðstafanir.

Meðferðarfundur er valdbær ef a.m.k tveir eða fleiri starfsmenn nefndarinnar sitja fundinn.

## **8. gr.**

### ***Tilkynningar***

Starfsmenn skulu taka á móti tilkynningum er varða grun um að líkamlegri eða andlegri heilsu barns eða þroska geti verið hættu búin vegna vanrækslu, vanhæfni eða framferðis foreldra, áreitni eða ofbeldis af hendi annarra eða vegna eigin hegðunar barns. Starfsmenn skulu einnig taka á móti tilkynningum er varða óviðunandi aðbúnað barna og um að þunguð kona stofni heilsu eða lífi ófædds barns síns í hættu.

Um leið og tilkynning berst eða ef upplýsingar berast með öðrum hætti um aðstæður sem greindar eru í 1. mgr. skal tekin ákvörðun um hvort aðstæður barns séu með þeim hætti að kanna beri málið án tafar. Að öðrum kosti skal taka tilkynningu/upplýsingar til umfjöllunar á vikulegum meðferðarfundum starfsmanna félagsmálanefndar. Starfsmenn félagsmálanefndar taka ákvörðun um könnun máls sbr. 21. gr. barnaverndarlaga nr. 80/2002. og 14. gr. reglugerðar um málsmeðferð fyrir barnaverndarnefnd. Sé tekin ákvörðun um að kanna málið ekki frekar skal forráðamönnum barns tilkynnt skriflega um að tilkynning hafi borist og um ákvörðun meðferðarfundar í kjölfarið.

Berist tilkynning eða upplýsingar með öðrum hætti um aðstæður sem greindar eru í 1. mgr. skal meðferðarfundur starfsmanna félagsmálanefndar taka afstöðu eigi síðar en innan 7 daga frá því að tilkynning berst um hvort ástæða sé til þess að hefja könnun í málinu. Ákvörðun um að hefja könnun skal ekki tekin nema rökstuddur grunur sé um að tilefni sé til.

Starfsmaður skal tilkynna forsjáaðilum um að tilkynning hafi borist eða að upplýsingar hafi borist með öðrum hætti um atriði sem greind eru í 1. mgr. og um ákvörðun í tilefni hennar. Einungis er heimilt að fresta tilkynningu til forsjáaðila vegna ríkra rannsóknarhagsmuna skv. 3. mgr. 21 gr. barnaverndarlaga nr. 80/2002.

Þegar tekin hefur verið ákvörðun um að hefja könnun máls skal meðferðarfundur starfsmanna félagsmálanefndar þegar taka afstöðu til þess hvort þörf sé á að skipa barni talsmann skv. 3. mgr. 46. gr. barnaverndarlaga nr. 80/2002 og 15. gr. reglugerðar nr. 56/2004 um málsmeðferð fyrir barnaverndarnefnd. Velja skal talsmann sem er best til þess fallinn að þjóna hagsmunum barns í hverju máli.

## **9. gr.**

### **Nafnleynd**

Starfsmenn skulu vekja athygli tilkynnanda á því að honum er heimilt að óska nafnleyndar gagnvart öðrum en barnaverndarnefnd sbr. 16. og 19. gr. barnaverndarlaga nr. 80/2002 Það á þó ekki við ef um er að ræða tilkynnendur sem hafa stöðu sinnar og starfa vegna afskipti af málefnum barna sbr. 17. og 18. gr. sbr. 3. mgr. 19. gr. barnaverndarlaga nr. 80/2002.

## **10. gr.**

### ***Brýnar aðgerðir***

Ef vinda þarf bráðan bug að ráðstöfun sem heyrir undir barnaverndarnefnd skal starfsmaður, í samráði við félagsmálastjóra, gera formanni tafarlaust viðvart og óska eftir umboði hans, án undangenginnar málsmeðferðar skv. VIII. kafla barnaverndarlaga nr. 80/2002, til þess að grípa til nauðsynlegra ráðstafana til að tryggja öryggi barns sbr. 1. mgr. 31. gr. barnaverndarlaga nr. 80/2002. Leggja skal málið fyrir félagsmálanefnd til staðfestingar án tafar og eigi síðar innan 14 daga. Að öðrum kosti fellur ákvörðunin úr gildi. Um málsmeðferð fyrir félagsmálanefndgilda ákvæði barnaverndarlaga nr. 80/2002, sérstaklega ákvæði í VIII. kafla, ákvæði stjórnisýslulaga nr. 37/1993 með þeim frávikum er greinir í barnaverndarlögum nr. 80/2002 og reglugerðar um málsmeðferð fyrir barnaverndarnefndum nr. 56/2004

## **11. gr.**

### **Lögreglurannsókn**

Ef grunur er um að brotið hafi verið gegn barni hefur starfsmaður í samráði við félagsmálastjóra umboð til að óska eftir lögreglurannsókn og leggja fram kæru með eða án samþykkis forsjáaðila. Leitast skal við að hafa samráð við forsjáaðila og barn eftir atvikum. Ef tilefni er til skal óska eftir ráðleggingum og liðsinni frá Barnahúsi og Barnaverndarstofu.

## **12. gr.**

### ***Könnun máls***

Þegar meðferðarfundur hefur ákveðið að hefja könnun máls skal starfsmaður að jafnaði greina foreldrum/forsjáaðilum barns frá þeirri ákvörðun að könnun standi yfir á högum þess og aðbúnaði standi yfir sbr. 21. gr. barnaverndarlaga nr. 80/2002. Við könnun máls skal leitast við að vera í samvinnu og í samráði við forsjáaðila/foreldra sbr. 43. gr. barnaverndarlaga nr. 80/2002.

Afla skal sem gleggstra upplýsinga um hagi barnsins svo sem andlegt og líkamlegt ásigkomulag þess. Þá skal afla upplýsinga um tengsl við foreldra eða aðra, hagi foreldra, aðbúnað barns á heimili, skólagöngu, hegðun og líðan barns. Að jafnaði skal afla umsagnar skóla barns og/eða annarrar stofnunnar þar sem barn dvelur. Þá skulu starfsmenn leita upplýsinga hjá öðrum sérfræðingum sem við koma máli barnsins og þykir þörf á. Könnun máls skal ekki vera umfangsmeiri en nauðsyn krefur og gæta skal meðalhófs við öflun upplýsinga. Lögð skal áhersla á að ræða við barn, í samræmi við aldur þess og þroska.

Þegar mál hefur verið nægjanlega vel kannað, skal starfsmaður taka saman greinagerð þar sem lýst er niðurstöðum könnunar. Í greinagerð skal tiltaka hverra úrbóta sé þörf og settar fram tillögur að viðeigandi

úrræððum ef því er að skipta. Greinagerð könnunar skal leggja fyrir á meðferðarfundi starfsmanna félagsmálanefndar sem tekur ákvörðun um hvort talin er ástæða til frekari afskipta.

Ákvörðun um beitingu úrræða skal að jafnaði liggja fyrir innan þriggja mánaða og eigi síðar en fjórum mánuðum eftir að ákvörðun var tekin um að hefja könnun máls.

### **13. gr.**

#### ***Beiting úrræða og áætlun um meðferð máls***

Leiði könnun í ljós að aðbúnaði barns sé áfátt eða barn stefni eigin heilsu og þroska í hættu með hegðun sinni og þörf er á beitningu úrræða samkvæmt ákvæðum barnaverndarlaga, skal starfsmaður, í samvinnu við foreldra/forsjáaðila gera skriflega áætlun um meðferð máls sbr. 23. gr. barnaverndarlaga. Hið sama á við um barn sem hefur náð 15 ára aldri. Sé ekki talin ástæða til beitingu úrræða er málinu lokað af hálfu barnaverndar og er aðilum máls heimilt að skjóta ákvörðun barnaverndar til úrskurðarnefndar velferðarmála.

Áætlun skal miða að því að bæta aðbúnað og/eða hegðun barns sem í hlut á. Í áætlun skal fram koma hvaða úrræðum og aðgerðum skal beitt í þeim tilgangi. Í áætlun skal jafnframt koma fram hvað forsjáaðilum/foreldrum barns beri að gera í þessu skyni og hvaða aðstoð þau fái. Áætlun skal markaður ákveðinn tími og mál endurskoðað með hliðsjón af því hvort markmiðum hafi verið náð.

Áætlanir og endurskoðanir þeirra eru lagðar fyrir meðferðarfund starfsmanna félagsmálanefndartil frekari ákvörðunartöku. Meti meðferðarfundur að áætlun hafi skilað árangri skal málinu lokað. Ákvörðun um lokun máls á grundvelli greinagerðar er tekin af meðferðarfundi. Aðilum skal tilkynnt um það formlega þegar máli er lokið og afskiptum hætt.

Í tilvikum þar sem úrræði sem kveðið er á um í áætlun hafa í för með sér veruleg útgöld, skulu tillögur um það lagðar fyrir félagsmálanefnd til samþykktar.

### **15. gr.**

#### **Mál lagt fyrir félagsmálanefnd**

Ef ekki næst samkomulag við forráðamenn eða barn sem náð hefur 15 ára aldri, um gerð áætlunar um meðferð máls skal málið lagt fyrir félagsmálanefnd til ákvörðunar um frekari aðgerðir (s.s. einhliða áætlun sbr. 4. mgr. 23.gr. barnaverndarlaga nr. 80/2002). Það á einnig við ef forsendur áætlunar bresta s.s. vegna samvinnuskorts, afturkalls samþykkis foreldris eða barns fyrir aðgerðum sbr. 34. gr. barnaverndarlaga nr. 80/2002, eða ef aðstæður breytast eða nýjar upplýsingar kalla á frekari aðgerðir sem ekki næst samkomulag um. Telji félagsmálanefnd ekki uppfyllt skilyrði um beitingu þvingunarúrræða ber að loka málinu og tilkynna forsjáraðilum og barni eftir atvikum um þá ákvörðun.

Telji starfsmaður, að fengnu áliti félagsmálastjóra, að nauðsynlegt sé að kveða upp úrskurð skv. ákvæðum barnaverndarlaga nr. 80/2002 skal leggja mál fyrir félagsmálanefnd sem, eftir atvikum, kveður upp úrskurð.

Telji starfsmaður, að fengnu álitni félagsmálastjóra, að nauðsynlegt sé að taka ákvörðun um hvort tilefni sé til þess að krefjast fyrir dómi lengri vistunar skv. 28. gr. barnaverndarlaga nr. 80/2002 eða forsjársviptingar skv. 29. gr. barnaverndarlaga nr. 80/2002 skal það borið undir félagsmálanefnd.

Telji starfsmaður, að fengnu álitni félagsmálastjóra, að nauðsynlegt sé að taka ákvörðun um hvort tilefni sé til þess að krefjast sviptingar sjálfræðis skv. 30. gr. barnaverndarlaga nr. 80/2002 skal það borið undir félagsmálanefnd.

Telji starfsmaður, að fengnu álitni félagsmálastjóra, að nauðsynlegt sé að taka ákvörðun um hvort tilefni sé til þess að krefjast nálgunarbanns eða brottvikningar skv. 37. gr. barnaverndarlaga nr. 80/2002 skal það borið undir félagsmálanefnd.

Áður en mál er lagt fyrir félagsmálanefnd skal starfsmaður tilkynna foreldrum eða forráðamanni barns að málið verði lagt fyrir nefndina og eftir atvikum með hvaða hætti viðkomandi geti nýtt sér andmælarétt. Sama á við um barn þegar það er orðið 15 ára og nýtur réttar til málsaðildar.

Starfsmaður skal afhenda og kynna aðilum greinagerð og önnur gögn máls með hæfilegum fyrirvara Starfsmaður getur ákveðið, telji hann það andstætt hagsmunum barns að aðilar fái ekki, að svo stöddu, að kynna sér innihald tiltekinna gagna þar til félagsmálanefnd hefur tekið ákvörðun þar að lútandi. Ákvörðun félagsmálanefndar skal vera í formi úrskurðar sem aðilar geta skotið til úrskurðanefndar velferðarmálasbr. 6., 51. og 52. gr. barnaverndarlaga nr. 80/2002.

Starfsmaður skal vekja athygli foreldra/forráðamanna og eftir atvikum barns á rétti þeirra til andmæla sbr. 47. gr. barnaverndarlaga nr. 80/2002 og 28. gr. reglugerðar um málsmeðferð fyrir barnaverndarnefnd nr. 56/2004 sem og rétti til fjárstyrks til að greiða fyrir lögmannsaðstoð skv. verklagsreglum um aðstoð til greiðslu lögmannskostnaðar í barnaverndarmálum hjá félagsmálanefnd Rangárvalla-og Vestur Skaftafellsýslu.

Starfsmaður skal leggja málið fyrir félagsmálanefnd með skriflegri greinagerð þar sem fram kemur á sem ítarlegastan hátt forsaga málsins, ástæður fyrir íhlutun, atvik máls og annað er máli kann að skipta.

Starfsmönnum félagsmálanefndar ber einnig að leggja fyrir nefndina til samþykkis:

- Umsóknir um leyfi til að gerast sumardvalarforeldrar skv. 86 gr. barnaverndarlaga nr. 80/2002.
- Umsóknir um leyfi til að gerast stuðningsforeldrar skv. 85 gr. barnaverndarlaga nr. 80/2002
- Útektir á hæfi sem fósturforeldrar skv. beiðni frá Barnaverndarstofu sbr. 66 gr. barnaverndarlaga nr. 80/2002
- Þegar úrræði áætlana um meðferð máls hafa með sér í för veruleg útgjöld.

Starfsmönnum félagsmálanefndar ber að leggja fyrir nefndina til kynningar:

- Ef samþykki forsjáaðila liggur fyrir um vistun barns utan heimils til skemmri eða lengri tíma.
- Gerð fóstursamninga og kostnað vegna þeirra.
- Ef óskað er lögreglurannsóknar eða kæra er lögð fram til lögreglu (sbr. 20.gr. rgl. 56/2004 og 11.gr. reglna þessara).

#### **16. gr.**

##### ***Ákvarðanir félagsmálanefndar***

Starfsmaður skal án tafar og með sannanlegum hætti tilkynna viðkomandi aðilum um bókanir og ákvarðanir félagsmálanefndar. Úrskurðir skulu tilkynntir í samræmi við 2. mgr. 49. gr. barnaverndarlaga nr. 80/2002 með ábyrgðarbréfi eða á jafn tryggilegan hátt. Jafnframt skal þá veita hlutaðeigandi aðila leiðbeiningar um kærueimildir, þegar þær eru fyrir hendi, kærufrest og hvert skuli beina kæru.

#### **17. gr.**

##### ***Úrræði gagnvart þeim sem starfa með börnum.***

Félagsmálastjóri eða staðgengill hans, skal taka á móti ábendingum um atferli manns, sem starfa sinna vegna hefur samskipti við börn, sé stórlega ábótavant sbr. 35. gr. barnaverndarlaga. Könnun máls skal hagað í samræmi við reglur þessar, ákvæði barnaverndarlaga nr. 80/2002 og reglugerðar um málsmeðferð fyrir barnaverndarnefnd. Viðkomandi starfsmanni skal tilkynnt um ákvörðun um að hefja könnun auk þess sem að jafnaði skal vinnuveitanda gert viðvart. Félagsmálastjóri skal tilkynna niðurstöður könnunar til starfsmannsins og vinnuveitanda hans og eftir atvikum setja fram tillögur til úrbóta.

### **V. Vistunarmál**

#### **18. gr.**

##### ***Ráðstöfun barns utan heimilis***

Áður en barn er vistað utan heimils skal reyna önnur stuðningsúrræði nema ljóst þyki að þau komi ekki að gagni. Telji starfsmaður nauðsynlegt að vista barn utan heimilis eða ráðstafa því í fóstur skal starfsmaður leita eftir samþykki foreldra/forsjáaðila og barns sem hefur náð 15 ára aldri fyrir því að barnið verði vistað utan heimilis eða því ráðstafað í fóstur. Samþykkið skal vera skriflegt og undirritað í viðurvist tveggja aðila er votta að foreldrum/forsjáaðilum hafi verið gerð full grein fyrir eðli og réttaráhrifum ráðstöfunarinnar. Barn sem hefur náð 15 ára aldri telst aðili máls og þarf yfirlýsing um samþykki þess vegna vistunar utan heimils eða fósturs að liggja fyrir með undirritun. Ef barn sem ekki er orðið 15 ára samþykkir ekki fóstur skal það fá tækifæri til að tala máli sínu fyrir nefndinni með liðsinni sérstaks talsmanns sbr. 25. gr. barnaverndarlaga nr. 80/2002.).

Skorti samþykki foreldra/forsjáaðila og/eða barns 15 ára og eldra skal málið lagt fyrir félagsmálanefnd og skal þá barni og/eða talsmanni/lögmanni þess veitt færi á að tjá sig fyrir nefndinni. Hið sama gildir um foreldra/forsjáaðila og/eða lögmenn þeirra.

## **19. gr.**

### ***Fóstur***

Þegar liggur fyrir samþykki aðila, vistun barns utan heimilis skv 31 gr. barnaverndarlaga nr. 80/2002 eða úrskurður félagsmálanefndar um vistun barns utan heimilis, skal velja þá vistun sem þjónar hagsmunum barnsins best sbr. 67., 67. gr. a og 67. gr. b. barnaverndarlaga nr. 80/2002. Sé ekki grundvöllur til þess að vista barn hjá foreldri skv. 67. gr. a. eða 67. gr. b. barnaverndarlaga nr. 80/2002, sendir starfsmaður beiðni um fósturheimili til Barnaverndarstofu og velur úr hópi þeirra fósturforeldra sem eru á skrá í samráði við stofnunina. Starfsmaður skal leita umsagnar forsjálauss foreldris áður en barni er ráðstafað í fóstur.

Starfsmaður í umboði félagsmálanefndar skal gera skriflegan fóstursamning fyrir hönd nefndarinnar við fósturforeldra. Fóstursamningurinn skal gerður á þar til gert eyðublað frá Barnaverndarstofu og skal tilgreina þau atriði sem getið er um í 68. gr. barnaverndarlaga nr. 80/2002 auk annars er máli kann að skipta. Starfsmaður sendir tilkynningu um gerð fóstursamnings til Barnaverndarstofu. Starfsmaður tilkynnir einnig um gerð fóstursamnings til annarra opinbera stofnanna eftir því sem við á. Starfsmaður skal einnig upplýsa þá barnaverndarnefnd í umdæmi fósturforeldra um ráðstöfun barns til fósturforeldra.

Starfsmaður skal semja skriflega áætlun um trygga umsjá barnsins Í áætlun skal tilgreina hvers konar vistun er fyrirhuguð og hversu lengi, markmið með vistun, stuðning við barnið og aðra, auk annars sem skipta kann máli sbr. 1. mgr. 33 gr. barnaverndarlaga nr. 80/2002.

Starfsmaður skal aðstoða og undirbúa foreldra/forsjáaáðila og barn undir væntanlega vistun eða fóstur. Eftir atvikum og miða við aldur og þroska barns skal starfsmaður gera barni grein fyrir hvers vegna því var komið í fóstur.

Starfsmaður skal hafa frumkvæði að því að koma á samningi um umgengni barns við kynforeldra og aðra sem því eru nákomnir á meðan fósturráðstöfun varir. Félagsmálanefnd úrskurðar um ágreiningsefni er varða umgengni kynforeldra og annarra nákominna við barn, hvort sem það varðar rétt til umgengni, umfang umgengnisréttar eða framkvæmd.

## **21. gr**

### **Fósturforeldrar.**

Fósturforeldrar skulu hafa hlotið samþykki Barnaverndarstofu. Hefjist vistun barns áður en leyfið er gefið út skal starfsmaður skila inn umsókn um leyfi ásamt öllum gögnum til Barnaverndarstofu eins fljótt og auðið er. Starfsmaður skal veita fósturforeldrum stuðning og leiðbeiningar á meðan fósturi stendur og eftir því sem ástæða þykir til. Starfsmaður skal hafa eftirlit með fósturheimili og heimsækja heimilið eins oft og tilefni þykir til, þó eigi sjaldnar en tvisvar sinnum fyrsta árið sem ráðstöfun varir og einu sinni á ári eftir það. Starfsmaður skal gera skriflega skýrslu um afskipti hans að fósturmálum og eftirliti með fósturheimili. Starfsmaður ber að hafa reglulegt samband við barn sem er fósturvistað með símtölum m.t.t aldur og þroska barns.



Telji starfsmaður að fósturforeldri vanræki uppeldishlutverk sitt skal hann gera þær ráðstafanir, sem nauðsynlegar eru til að verndar barni. Ef um alvarlega vanrækslu er að ræða eða starfsmaður telur ástæðu til af öðrum orsökum skal hann kynna málið fyrir félagsmálanefnd og Barnaverndarstofu.

## **20. gr.**

### ***Vistun á meðferðarheimili***

Þegar fyrir liggur samþykki allra aðila eða úrskurður félagsmálanefndar fyrri vistun barns á meðferðarheimili sendir starfsmaður umsókn til Barnaverndarstofu. Stofan metur og ákveður í samráði við starfsmann nefndarinnar um vistun, þar á meðal á hvaða heimili hentar barni best, hvenær vistun skuli hefjast og hvenær henna skuli ljúka.

Ef foreldrar hafa afsalað sér eða verið sviptir forsjá barns sem er vistað á heimili eða stofnun skv. 79. gr. barnaverndarlaga nr. 80/2002 ber starfsmanni að finna barni stuðningsfjölskyldu ef vistun er ætlað að vera lengur en í tvo mánuði.

Starfsmaður skal gera vistunarsamning og leitast við að ná samkomulagi við þá sem umgengni eiga að rækja að teknu tilliti til þeirra reglna sem gilda á viðkomandi heimili eða stofnun.

## **VI. Umsagnarmál**

### **20. gr.**

#### ***Vegna umsagna skv. barnaverndarlögum.***

Sé óskað eftir umsögnum skv. barnaverndarlögum nr. 80/2002, svo sem um hæfi verðandi fósturforeldra eða um leyfi til að reka stofnun eða heimili fyrir börn, skal starfsmaður félagsmálanefndar annast könnun málsins. Starfsmaður skal skrifa greinagerð um málið sem leggja skal fyrir félagsmálanefnd. Afhenda skal aðilum máls greinagerð og gefa þeim kost á að gera athugasemdir munnlega eða skriflega. Aðilum skal jafnframt boðið að mæta á fund nefndarinnar til að gera frekari grein fyrir aðstæðum sínum eða sjónarmiðum ef félagsmálastjóra þykir tilefni til.

## **VII. Önnur ákvæði**

### **22. gr.**

Félagsmálastjóri ber ábyrgð á að unnin sé ársskýrsla um barnaverndamál. Ársskýrslan skal send til Barnaverndarstofu og kynnt félagsmálanefnd á fundi. Þá ber félagsmálastjóri ábyrgð á að unnar séu stöðuskýrslur að vori og að hausti, þar sem fram kemur fjöldi barnaverndarmála og staða þeirra í vinnslu.

## VIII. Gildistaka

*Reglur þessar voru samþykktar í félagsmálanefnd Rangárvalla -og Vestur Skaftafellsýslu þann 17.04.2018*

*Reglur þessar voru samþykktar í aðildarsveitarfélögunum á vormánuðum 2018*

**Undirritaður nefndarmaður/starfsmaður félagsmálanefndar hefur lesið og kynnt sér reglur þessar og heitir að fara eftir þeim í starfi sínu í barnaverndarmálum hjá Félagsþjónustu Rangárvalla- og Vestur Skaftafellsýslu.**

*Nafn:* \_\_\_\_\_

*Dags:* \_\_\_\_\_

*Nafn:* \_\_\_\_\_

*Dags:* \_\_\_\_\_

*Nafn:* \_\_\_\_\_

*Dags:* \_\_\_\_\_

*Nafn:* \_\_\_\_\_

*Dags:* \_\_\_\_\_

*Nafn:* \_\_\_\_\_

*Dags:* \_\_\_\_\_

*Nafn:* \_\_\_\_\_

*Dags:* \_\_\_\_\_

*Nafn:* \_\_\_\_\_

*Dags:* \_\_\_\_\_